

## FakeTV Þjófafæla

FakeTV er þjófafæla sem líkir eftir birtunni frá sjónvarpstæki. Birtan frá FakeTV breytist óreglulega eins og birtan frá sjónvarpinu. Utanfrá að sjá lítur út eins og einhver sé heima að horfa á sjónvarpið, þannig að ef innbrotspjófvar hafa fengið augastað á íbúðinni, þá ættu þeir að vera fljótir að skipta um skoðun.

FakeTV þjófafælan hefur innbyggðan heila (rökrás) sem stýrir ljósmagningu frá fjölda LED ljósapera sem eru í tækinu. Perurnar gefa frá sér breytilegt ljós í mismunandi litum, nákvæmlega eins og það sem kemur frá sjónvarpstækjum. Birtan eykst og minnkar með óreglulegu millibili, líkt og þegar myndin breytist á sjónvarpsskjánum.

FakeTV er mjög einfalt í notkun. Það hefur innbyggðan


# FakeTV™

## Þjófafæla Model FTV-10



### Leiðbeiningar


1



1. Beinið FakeTV að hálfgegnisæjum eða lítt gegnsæjum gluggatjöldum, rimlagluggatjöldum eða rúllugardinum, þannig að birtan frá tækinu sjáist utan frá, en ekki tækið sjálft. Einnig má notast við ógegnsæ gluggatjöld, en þá þarf hluti birtunnar að sjást utanfrá, t.d. sú sem fellur á milli gluggatjalda og gluggakarma. Ef tækið er notað í herbergi á efri hæðum, þar sem ómögulegt er að sjá inn, þá má sleppa gluggatjöldum eða nota aðeins þunn gluggatjöld (t.d. stórris). Aðalmálið er að ekki sé hægt að sjá utanfrá að birtan kemur frá FakeTV en ekki venjulegu sjónvarpi.

Á tækinu eru fjórar stillingar. On (alltaf kveikt), Off (alltaf slökkt) og val um að láta ljósið loga í 4 tíma eða 7 tíma eftir að fótósellan kveikir sjálfkrafa á því þegar dimmir. Ekki kviknar á tækinu fyrir tilstilli fótósellunnar fyrr en komið er niðamyrrkur.


2



2. Þegar dimmir snemma er passlegt að velja 7 tíma stillinguna, en 4 tíma stillinguna þegar ekki dimmir fyrr en t.d. eftir kvöldmat. Það þýðir að tækið slekkur á sér sjálfkrafa eftir þennan tíma. Ef stillingin er látin óhreyfð, þá kveikir tækið aftur á sér þegar dimmir næst. Birtan frá FakeTV er á móta sterk og frá 27 tommu flatskjá.

Kveikja má dauft ljós í sama herbergi og FakeTV eftir að kviknað hefur á því með fótósellunni. Ef ljósið er of bjart slökknar hins vegar á FakeTV, en fer aftur af stað um leið og slökkt er á ljósinu. Hægt er að nota tímarofa til að kveikja á ljósi í sama herbergi og FakeTV, en gæta verður þess að ljósið kvikni ekki fyrr en öruggt er að FakeTV sé komið af stað. Ennfremur þarf að gæta þess að ljósið dragi ekki úr áhrifum FakeTV.

3



3. Gæta þarf að því að utanaðkomandi birta, t.d. frá ljósastaur, lýsi ekki inn í herbergið þar sem FakeTV er staðsett og komi þannig í veg fyrir að tækið fari af stað. Að sjálfsögðu er hægt að hafa FakeTV stöðugt í gangi (Velja "ON" stillinguna). Einnig má tengja það við tímarofa, þannig að kvikni og slökknar á tækinu á fyrirfram gefnum tíma. LED ljósaperurnar í FakeTV eyða mjög litlu rafmagni (3 W) og endast hundraðfalt lengur en venjulegar ljósaperur.

Hvorki FakeTV né aðrar aðferðir til að láta líta svo út að einhver sé heima getur samt komið í veg fyrir innbrot. Saman geta þessar ráðstafanir hins vegar dregið verulega úr líkum á því.

Protected by pending and issued patents  
(c) Hydreon Corporation  
FakeTV is a trademark of Hydreon Corporation  
Manufactured in Malaysia

Framleitt í Malasíu



RoHS  
Compliant

[www.FakeTV.com](http://www.FakeTV.com)

Hydreon Corporation  
EDEN PRAIRIE,  
MN 55344 USA  
Document number 01-001-112 A